



# Blaðaúrklippur, vegna fráfalls Bjarna, Sigríðar og Benedikts, 10. júlí 1970

Bjarni Benediktsson – Sigríður Björnsdóttir – Benedikt Vilmundarson – Fjölskyldan – Blaðaúrklippur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Fjölskyldan  
Askja 3-13

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Einskrálaðar Diana Benediktssonar © Borgarsíða.net Reykjavíkur  
Við erum að vona, að sumarið heilsí með hlýindum — en það er samt betra að vera við öllu búin.

# Tímaríðir

153. tbl. — Laugardagur 11. júlí 1970. — 54. árg.



Ráðherrabústaðurinn í ljósum logum um tvöleytið í fyrrinótt. Til vinstri sést í Gestaskálann, sem reistur var fyrir nokkrum árum og slapp óskemmdur úr brunanum. Ofar á myndinni sést út yfir Þingvallavatn.

(Tímamýnd)

Enn ókunnugt um eldsupptök í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum:

## Forsætisráðherrahjónin og dóttursonur þeirra fórust



Dr. Bjarni Benediktsson




Frú Sigriður Björnsdóttir



Benedikt Vilmundarson

Dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, frú Sigriður Björnsdóttir, kona hans, og Benedikt Vilmundarson, fjögurra ára, fórust í fyrrinótt, þegar ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann til kaldra kola. Fréttin um þetta hörmulega slys kom sem reiðarslag yfir íslenzku þjóðina og stjórnþálamenn á Norðurlöndum hafa lýst hryggð sinni vegna þessa atburðar.

Frásagn og myndir frá þessu hryggilega slysi eru á blaðsíðu 3, 6 og 7 í blaðinu í dag. Einnig er dr. Bjarna Benediktssonar minnzt í forystugrein á blaðsíðu 9.



Rústir sumarhússins séðar að ofan. Aftast til hægri er olutankurinn, en hann stóðst hitann.

(Timamynd — Gunnar)

# Ráðherrabústaðurinn brann til kaldra kola á skammri stundu

KJ—FB—Reykjavík, föstudag.

● Dr. Bjarni Benediktsson, forsetisráðherra, frú Sigríður Björnsdóttir, kona hans, og dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmundarson, léstuð begar eld ur kom upp í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum og hann brann til kaldra kola síðastliðna nött. Voru jarðnesk

ar leifar þeirra fluttar til Reykjavíkur í morgun.

● Ítarleg rannsókn fór fram í dag til þess að freista þess að finna upptök eldsins, en þau voru enn í kvöld ókuðu.

● Í dag félst forseti Íslands á tillögu ríkisstjórnarinnar um að fela Jóhanni Hafstein, ráðherra, að gegna störfum for-

sætisráðherra fyrst um sinn.


● Hið hörmulega slys á Þingvöllum kom sem reiðarslag yfir landsmenn. Fánar voru dreagnir í hálfa stöng um allt land, opinberum stofnunum og fjölmögum fyrirtækjum og samkomustöðum lokað. Stjórnmála menn á Norðurlöndum lýstu yfir hryggð sinni vegna hins sviplega andlats forsætisráðherra.

Íað var dökkt og mikil ský, sem var yfir Þingvöllum snemma á föstudagsmorguninn begar fréttamenn Tímans héldu austur yfir Mosfellsheiði. Snjóð að hafði á veginn um nóttina, og snjóföi var enn utan vegar ins um morguninn.


Er komið var á veginn heim að Valhöll, blasti óhugnanleg sjón við, þar sem voru rústir sumarhúss forsetisráðherrans, og skorsteinninn skagaði nakinn upp í loftið. Reyk lagði upp af rústunum, og bárujárnir, sem klætt hafði bústaðinn að utan, var allt sunnan við bústaðinn, og þar hafði jörðin sviðnað. Í grunni bústaðarins var saili, og einn og einn hlutur úr járni kolsvartur og úr lagi genginn eftir hitann í brunannum. Baðkerið, isskápurinn, þvottavélin, rúmgrindur og fleiri hlutir úr járni lágu hér

og hvor í rústunum skakkir og skældir og hálf bráðnaðir sumir hverjir. Tveir löggreglumenn héldu vörð um staðinn og starfsmenn Rátmagnsveitna ríkisins

voru í óða önn að undirbúa tengingu nýrrar spennistöðvar fyrir raflinurnar sem liggja til sumarbústaðanna þarna við. Framhald á bls. 6.




Fremst á myndinni er Njörður Snæhólm varðstjóri hjá rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík að grafa í rústunum, og aftur eru sérfraðingar og rannsóknarlöggreglumenn að störfum.



Hollendingarnir sátu að morgunverði í Valhöll í morgun og eru þarna að ræða við fréttamann Timans, sem er lengst til vinstri. Uta Eichenberg, Edward Mackenzie, Renée Meissner, Het Dutih, Herbert Jan Bakels, Klaas Dutkh og Clara Haex.

(Timamynd Gunnar)



Séð ofan úr hliðinni norðan við bústaðinn, yfir rústirnar, þingvallabæinn og út á vatnið.

(Tíminyndir: Gunnar)

## BRUNI RÁÐHERRABÚSTAÐARINS

Framhald af bls. 3  
vatnið, Valhallar og Þingvalla-  
bæjarins.

Húsaskipan í bústaðnum var  
þannig, að þegar gengið var  
inn í hann, um dyrnar, sem  
sneru niður að vatninu, voru  
tvær stofur á vinstri hönd er  
komið var í forstofuna. Á  
hægri hönd voru tvö svefnher-  
bergi og fyrir miðju var snyrti  
herbergi og aftan fyrir miðju  
var eldhúsíð, og enn aftar  
kyndiklefinn og spennistöðin.

Í eldhúsini mátti sjá leifar  
af búsaðum, og þar voru  
hlið við hlið svartir og beygl-  
aðir kútar, er eitt sinn voru  
slökkvitæki, og gaskútar, sem  
höfðu sprungið.

Kyndiklefinn hafði verið  
hólfasíður af með hlöðnum vegg,  
og virtist svo sem eldurinn  
hefði ekki leikið mikil þar  
um. Stór og mikill olitankur  
stóð aftur úr rústunum, en hús  
ið mun hafa verið kynnt allan  
ársins hring, nótt og dag, og  
þess vegna stór olitankur.

Norðan við Konungshúsið,  
eins og sumarhúsið var löngum  
kallað, hafði fyrir nokkrum  
árum verið byggður svefn-  
skáli, og sá ekki á honum  
eftir brunann, og er skýringin  
sú, að vindur var mjög hvass  
að norðan, og stóð af húsinu,  
og úrhellis rigning var um nótt  
ina, og mældist úrkoman heil-  
ir 36 millimetrar við Þingvalla-  
bænn.

**Dr. Bjarni Benediktsson**, for-  
sætisráðherra fór austur í sum-  
arbústað í gerkvöldi, og ætlaði  
hann aðeins að gista í húsinu  
bessa einu nótt, því í dag var  
ferðinni heitið í Vesturlands-  
kjördæmi, þar sem forsætisráð-  
herra ætlaði að mæta á héraðs-  
mótum.

Slökkviliðinu í Reykjavík  
barst tilkynning um brunann  
klukkan 01.40 í nótt, og voru  
strax sendir tveir slökkvibilar  
af stað frá Reykjavík. Síðar  
var svo beðið um sjúkrabil, en  
um sex í morgun fór bill frá  
slökkviliðinu, og sötti jarðnesk  
ar leifar hinna látnu, austur á  
Þingvöll.

Er slökkvilið kom á stað-  
inn, eftir tæpan kluðkutima,  
var húsið fallið og ekki annað  
fyrir slökkviliðsmennina að  
gera en slökkva í rústunum.

Löggreglumenn frá Reykjavík  
voru eystra í dag, og héldu  
vörd um rústirnar. Var þar  
 lengst af Sverrir Guðmundsson

aðstoðaryfirlöggreglubjónn, á-  
samt öðrum löggreglumannum.

**Ingólfur Þorsteinsson**, yfir-  
löggreglubjónn rannsóknar-  
löggreglunnar í Reykjavík,  
sagði Tímanum, að sýslumað-  
urinn í Árnessýslu, Páll Hall-  
grímsson, hefði farið bess á  
leit, að rannsóknarlöggreglan  
í Reykjavík aðstoðaði við rann-  
sókn brunans.

Strax í nótt fóru rannsóknar-  
löggreglumenn austur á bruna-  
staðinn, og síðan aftur eftir  
hádegið í dag

Er fréttamaður Tímans kom  
á staðinn aftur eftir hádegið,  
var Ingólfur Þorsteinsson þar

ásamt þeim Nirði Snæhólm,  
aðalvarðstjóra, Jóni Halldórs-  
syni, varðstjóra, Sævari Jó-  
hannssyni, tæknimanni í rann-  
sóknarlöggreglunni, Ragnari  
Vigni, varðstjóra í tæknideild,  
og Guðmundi T. Guðmunds-  
syni, rannsóknarlöggreglubjóni.  
Pá höfðu einnig verið kvaddir  
á staðinn Rúnar Bjarnason,  
slökkviliðsstjóri, rafmagnseft-  
irlitsmaður og eldfæraeftirlits-  
maður. Rótuðu þeir í rústunum  
og reyndu að gera sér  
grein fyrir upptökum brunans.  
en að því er Ingólfur Þor-  
steinsson sagði Tímanum í  
kvöld, þá er ekkert hægt að  
segja til um upptök brunans.

svo algjör er eyðileggingin í  
húsinu.


Ingólfur sagði bað hinsveg-  
ar ljóst, af verksummerkjum,  
að þau þrjú, sem voru í hú-  
sinu, hafi vaknað og verið kom-  
in úr rúmum sínum í húsinu.

**Páll Hallgrímsson**, sýslumað-  
ur, og yfirlöggreglubjóninn á  
Selfossi, Jón I. Guðmundsson,  
voru meðal þeirra, sem komu  
á brunastaðinn í nótt, en Þing-  
vellar eru sem kunnugt er á  
þeirra yfirráðasvæði.

Í kvöld voru hafnar yfir-  
heyrlur á Þingvöllum vegna  
brunans, og stjórnæði sýslu-  
maður þeim.

**Hollendingarnir** sjö, sem  
fyrst urðu varir við brunann  
í sumarhúsi forsetisráðherra  
á Þingvöllum, sátu að morgun  
verði í Hôtel Valhöll, er frétt  
maður Tímans náði tali af  
þeim.

Þeir sögðust hafa komið til  
landsins fyrir nokkrum dögum  
og ætlað að fara á hestamanna  
mótið í Skógarhólum. Tjöld-  
uðu þeir við Vatnsvík í gær-  
kvöldi, en um miðnættið fauk  
tjaldið ofan af þeim, og töku-  
þeir þá það til bragðs, að  
flytja farangur sinn á bílnum,  
sem þeir hafa á leigu, heim á  
hlaðið við Valhöll. Stóðvaði  
fólkid bilinn við söluskálana  
á hlaðinu, og var klukkan þá  
um hálft tvö. Bústaður forsetis-  
ráðherra blasir við þarna af  
hlaðinu, og sáu þeir þá, að  
eitthvað óvenjulegt var þar  
á seyði. Brá eldslogum fyrir í  
gluggunum. Þeir fólkid kom  
að húsinu sá það, að eldur var  
laus inni í því Bönkuðu Hol-  
lendingarnir á glugga og dyr,  
og stafaði þá miklu hita frá  
húsinu. Nokkrum minútum eft-  
Framhald að ols.



Ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum. Myndin var tekin fyrir nokkrum árum.

# Mikilhæf forsætisráðherrahjón

AK, Rvík, 10. júlí. — Þegar þau válegu tilindi bárust snemma í morgun, að forsætisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, hefði farizt í eldsvoða ásamt konu sinni og ungum dóttursyni þá um nótina, er Ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann, greip djúp sorg og óhugur þjóðina alla við tilhugsunina um svo sviplegt og hörmulegt slys.

Með Bjarna Benediktssyni er fallinn frá mikilhæfur og áhrifaríkur stjórnmálaleiðtogi, sem markað hefur djúp spor í barátsögu þjóðarinnar síðustu áratugi og ráðið þar mikilvægum úrslitum. Hann var stórbrotina maður að gáfum og allri gerð og búinn miklum forystuhæfileikum, eins og ferill hans í stjórnmálastarfinu sýnir gleggst. Um hann stóð oftast stormur og styr, enda var hann sjálfur mikill baráttu maður, en hærra heim átökum bar virðingu og viðurkenningu fylgismanna sem andstæðinga á gáfum hans, þekkingu og styrk í stjórnmálaatfylgi. Menn virtu hann jafnt sem foringja og andstæðing, og hans mun lengi verða minnust bæði af heim, sem áttu með honum sam leið, og hinum, sem skrifa sögu þjóðarinnar.

Nánar er rætt um frásall forsætisráðherrahjónanna í forystugrein blaðsins.

Bjarni Benediktsson var fæddur 30. apríl 1908 í Reykjavík, sonur hjónanna Guðrúnar Pétursdóttur og Benedikts

Sveinssonar, alþingismanns. Hann varð stúdent í Menntaskóla Reykjavíkur 1926 og tók lögfræðipróf við Háskóla Íslands 1930. Næstu tvö ár stund aði hann framhaldsnám í stjórn lagafraði í Berlin og Kaupmannahöfn en varð professor í lögum við Háskóla Íslands 1932, gegndi því embætti til 1940, er hann varð borgarstjóri í Reykjavík. Árið 1947 varð hann utanríkis- og domsmálaráðherra og gegndi ráðherraembætti til 1956. Þá varð

hann riststjóri Morgunblaðsins, en 1959 aftur domsmálaráðherra. 1961 var hann settur forsætisráðherra um brigga mánada skeið og skipaður forsætisráðherra 1963 og gegndi því embætti til dauðadags.

Hann var kjörinn á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1942 og átti þar sæti síðan sem bingmaður Reykjavíkur. Hann hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum og stjórnnum félaga, og í miðstjórn Sjálfstæðis-

flokksins sat hann frá 1936. Hann var mörg síðustu ár stjórnarformaður Almenna bókafélagsins og í stjórn Eimskipafélags Íslands lengi. Hann hlaut margvisleg heidursmerki innlend sem erlend og hlaut doktorsnafnbót við Háskóla Íslands 1961. Eftir hann liggja allmög rit og bækur, einkum um stjórnarfarsleg og lögfræði legi efni en einnig ritgerða um almenn málefni, auk fjölda greina um menn og málefni í blöðum og tímaritum.

Bjarni Benediktsson var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Valgerður Tómasdóttir úr Reykjavík, en hún lézt eftir eins árs sambúð. Síðari kona hans var Sigríður Björnsdóttir, skipstjóra í Ánanauustum í Reykjavík, Jónssonar, og áttu þau fjórar uppkomin börn.

Benedikt Vilmundarson, dóttur unesonur þeirra hjóna, fjögurra ára drengur, var sonur Valgerðar dóttur þeirra og Vilmundar Gylfasonar, hið efnilegasta barn.



Dr. Bjarni Benediktsson



Frú Sigríður Björnsdóttir

Framhald af bls. 6.

ir að þeir komu að bústaðnum kvað við dynkur innan úr húsinu, og í sömu andrá lyftist þakið um ca. hálfan metra. Er talið að þessi dynkur hafi staf að frá því, er eldurinn brauzt út úr húsinu, en ekki vegna sprengingar inni í því.

Séra Eiríkur J. Eiríksson, þjóðgarðsvörður var ekkert far inn að sofa í morgun, en fréttamann Timans bar að gerði hjá honum. Séra Eiríkur sagði, að hann hefði farið i umsjónarferð um þjóðgarðinn, Bolabás og Skógarhóla um hálf eitt í nött. Er hann kom til baka, fór hann heim á hlaðið á Þingvöllum, og út að Konungshúsini, en engar mannaferðir var þar að sjá, og allt með eðlilegum haetti. — Er ég kom heim, leit ég út um gluggann hérrna í húsinu, i áttina til Valhalla, og þá var ekkert óeðilegt að sjá þar. Eftir um þrjá standarfjórðunga eða svo, sagði svo séra Eiríkur að þau hjón hefðu vakanu við, að verið var að reyna að ná til Reykjavíkur í símanum.

Aðstoðuðu þau við að ná til Reykjavíkur og í Slökkvistöðina. Einnig var hringt í lögregluna á Selfossi, slökkviliðið þar, og rafmagnsmann. Síðan sagði Eiríkur, að þau hefðu skrúfað úr stofnöryggi, þar sem spennistöðin fyrir svæðið var í sumarhúsi forsætisráðherrans.

Eiríkur sagðist af tilviljun hafa vitað, að dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra,

hefði verið á Þingvöllum þennan dag, en sagðist jafnvel hafa haldið, að hann hefði farið það an um kvöldið. Eiríkur sagðist hafa vakið aðstoðarmann sinn, Aðalstein og sent hann á brunastaðinn, þegar hann kom þangað um síu minútum fyrir tvö, var húsið fallið.

Virðist því svo sem ekki hafi liðið meira en um standarfjórðungur frá því eldurinn var upp götvaður, þar til húsið var fallið, og nær allt brunnið, sem brunnið gat.

Konungshúsið, en svo var sumarhús forsætisráðherrans nefnt lengi vel, var byggð fyrir konungskomuna 1907, er Friðrik konungur áttundi kom til Íslands. Stóð húsið í fyrstu norður á völlunum, en var flutt árið 1930 á þann stað, sem það hefur staðið síðan. Húsið var hitað upp með olsukyndingu, og fyrir nokkrum árum var lagt í það rafmagn frá Rafmagnsveitunum. Var spennistöðin fyrir sumarhúsaðahverfið og Valhöll, bak við sumarhúsið. Skemmdist spennistöðin í brunanum í nött. Af þeim sökum var allt rafmagnslaust og kalt í Valhöll fram á dag.

Fyrir nokkrum árum var byggð sérstakt hús, við hliðina á gamla Konungshúsinu. Var það einskonar svefnáklá, sem notaður var, þegar margt var um manninn. Vindáttin í nött var þannig, að hvorki sprakk rúða í nýja húsinu, né svíðnaði það. Stendur það því algjörlega óskemmt.

Jón Eiríksson í Valhöll á Þingvöllum sagði, að klukkan hafi verið rúmlega hálf tvö, þegar Hollendingarnir komu í Valhöll og tilkynntu um eldin. Sagðist hanum þegar hafa hringt í slökkviliðið í Reykjavík, en hann fékk ekki samband strax í 02, og var móður hans, eiginkona Eiríks þjóðgarðsvarðar, fljótar að ná til Reykjavíkur í gegn um Selfoss.

Jón sagðist síðan hafa farið út, og þá hafi húsið staðið í björtu báli og þakið verið fallið.

**Ávarp forseta Íslands, dr. Kristjáns Eldjárns, í ríkisútvárið 10. júlí 1970**

Pau sorgartíðindi spurðust snemma morguns í dag, að forsætisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, kona hans frú Sigríður Björnsdóttir, og ungur döttrur þeirra Benedikt Vilmundarson, hefðu láttjó lifið, er forsætisráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann, begnar skammt var liðið nætur.

Slikur atburður er hörmulegri en svo, að orðum verði yfir komið. Í einu vettangi er í burtu svípt traustum forustumanni, sem um langan aldur hefur staðið í fylkingarbrjósti og verið í fyrirsvari í þjóðlifi voru, og með honum ágætri konu hans, er við hlið hans hefur staðið með særð og prýði, og ungum sveini, sem var yndi þeirra og eftirlæti. Hér er skarð fyrir skildi, en á þessari stundu kemst ekki

annað að í huga vorum en sorg og samúð. Það er stundum sagt að íslenzku þjóðlinni sé helzt að líkja við stóra fjölskyldu. Sannleik þeirra orða skyndum vér bezt á stundum mikilla tíðinda, til gleði eða sorgar. Þjóðlin er harmi lostin og syrgir forsætisráðherrahjónin. Æg mæli fyrir munn allra landsmanna, þegar ég læt í ljós djúpa hryggð mina og votta börnum og allri fjölskyldu þeirra hjónanna samúð, svo og öllum þeim öðrum, er nú syrgja sveinin ungum

(Frá skrifstofu forseta Íslands).

**Borten: Mikils metinn**

„Hinar sársaukafullir fréttir um hið skyndilega og átakanlega fráfall Bjarna Benediktssons, konu hans og barnabarns Með bessu slysi hefur Íslands ekki aðeins misst mikinn persónuleika, heldur einnig mjög reyna an og mikilsvirtan stjórnálaðmann. Hann hafði um langt árabil gegnt umfangs- og ábyrgðarmiklum embættum í þágu lands síns og þjóðar. Hann varð hannig strax, sem ungur lögfræðingur, gerður að borgarstjóra Reykjavíkur 1944, eftir að hafa verið professor við Háskóla Íslands í mörg ár, en úr borgarstjóraembættinu fór hann til þess að taka við embætti utanríkis- og domsmálaráðherra í íslenzku ríkisstjórninni.

Það var því óeðilegt, að hann yrði eftirmaður Ólafs Thors, sem forsætisráðherra, 1963, enda hafði hann fram til bess tíma gegnt mörgum ráðherraembættum.

inni allri minar dýpstu samúðarkveðjur“.

**Baunsgaard: Harmi lostinn**

„Við Danir urðum harmi lostinir, er fréttir bárust af hinum hörmulega dauða Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, konu hans og barnabarns Með bessu slysi hefur Íslands ekki aðeins misst mikinn persónuleika, heldur einnig mjög reyna an og mikilsvirtan stjórnálaðmann. Hann hafði um langt árabil gegnt umfangs- og ábyrgðarmiklum embættum í þágu lands síns og þjóðar. Hann varð hannig strax, sem ungur lögfræðingur, gerður að borgarstjóra Reykjavíkur 1944, eftir að hafa verið professor við Háskóla Íslands í mörg ár, en úr borgarstjóraembættinu fór hann til þess að taka við embætti utanríkis- og domsmálaráðherra í íslenzku ríkisstjórninni.

Það var því óeðilegt, að hann yrði eftirmaður Ólafs Thors, sem forsætisráðherra, 1963, enda hafði hann fram til bess tíma gegnt mörgum ráðherraembættum.

Fráfalla hans mun vekja djúpan söknuð á Íslandi.

Bjarna Benediktsson verður saknað hér Danmörk, þar sem hann var kunnur fyrir tryggð sína og hve ráðhollur hann var. Hin jákvæða afsteða, sem Bjarna Benediktsson sýndi ávalt varðandi sambandið milli landa okkar, kom einnig í ljós, beg-

Framhald á bls. 14.

# Tíminn

Útgefandi: FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Framkvæmdastjóri: Kristján Benediktsson. Ritstjórar: Þórarinn Þórarinsson (á), Andrés Kristjánsson, Jón Helgason og Tómas Karlsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gisason. Ritstjórnarskrifstofur í Edduhúsini, símar 18300—18306. Skrifstofur Bankastræti 7 — Afgreiðslusími 12323. Auglýsingasími 19523. Áðrar skrifstofur sími 18300. Áskriftargjald kr. 165,00 á mánuði, innanlands — í lausasölu kr. 10,00 eint. Prentsm. Edda hf.

## Bjarni Benediktsson

Þegar svo svipleg stórtíðindi og djúp harmsefni verða, að forsætisráðherrahjón landsins farast í eldi, ásamt ungum dóttursyni, setur alla hljóða í djúpri þjóðarsorg. Þjóðin vaknaði til þeirra váfregna í gærmorgun, að þessi mikilhæfu hjón á bezta aldri, með fulla hreysti og starfsorku, hefðu þá um nóttna horfið í einni svipan af þeim starfsvangi, sem einna hæst ber i þjóðlífini, á vald þessara örلaga á fornnum helgistað þjóðarinnar.

Hvað sem líður ágreiningsefnum, sem tengd eru dægurbaráttu eða þjóðmálastefnum, viðurkenna allir, jafnt samfylkismenn sem andstæðingar, að með Bjarna Benediktssyni, forsætisráðherra, er fallinn í val maður úr hópi hinna svipmestu og áhrifaríkustu stjórnálamaðanna á þessari öld, maður, sem markað hefur djúp spor í sögu þjóðar sinnar og átt veigamikinn þátt í baráttu hennar og framsókn, og gegnt úrlitamiklu forystuhlutverki, einkum tvo siðustu áratugina, í för hennar í mikla og minnisverða áfanga.

Bjarni Benediktsson var miklum gáfum og hæfileikum gæddur, enda brotinn af traustu og góðu ættarbergi og hlaut ágæta og fjölpætta menntun. Hann varð snemma mikill áhrifamaður, bæði í félagsmálum og fræðum, sem hann lagði stund á. Við gáfur hans og menntun bættust afkastamikill dugnaður og stórbrotin skapgerð til þess að gera hann að afreksmanni með þjóð sinni. Hann varð prfessor við Háskóla Íslands á miðjum þritugsaldrí og samdi þegar viðamikil lögfræðirit. Rúmlega þritugur varð hann borgarstjóri Reykjavíkur og þá kominn í forystusveit í flokki sínum. Á vettvangi stjórnálanna haslaði hann sér síðan völl og komst til æ meiri áhrifa, svo að kalla mátti sjálfsgagt, að hann tæki við formennsku í Sjálfstæðisflokknum af Ólafi Thors og einnig embætti forsætisráðherra.

Bjarni Benediktsson var einnig um skeið ritstjóri Morgunblaðsins, og skrifaði jafnan mikil í blaðið fyrr og síðar. Hann var þrótmikill ræðumaður og gæddur sérstakri minnisleikni, orókyngi og skaphita, sem gerði ræður hans áhrifamiklar, ekki sízt þegar til átaka dró. Hann hafði mikinn áhuga á almennum málum, einnig utan stjórnálahringsins, til að mynda bókmenntum, svo sem forystustarf hans í Almenna bókafélaginu bendir til, og hann var víðlesinn og fróður, jafnt um sögu þjóðarinnar sem innlend og erlend málefni liðandi stundar.

Um slikan mann hlaut jafnan að standa stormur, og að honum vegið með lítilli vægð, enda var hann harðfylginn baráttumaður sjálfur, en eigi að síður átti hann jafnan óskorað traust og virðingu fyrir mannkosti og hæfileika, sem Íslendingar hafa jafnan metið mikils.

Kona hans, frú Sigríður Björnsdóttir, var af öllum, er til þekktu, óvenjuleg ágætiskona, hófsom og stillt vel, greind og rík að forsjá og öðrum þeim kostum, sem íslenzka húsfreyju mega bezt prýða. Mun hún hafa verið manni sínum hinn ágætasti förunautur, og hvarvetna kom hún svo fram að vakti virðingu og vinarþel, og þá fullvissu, að hún ætti í ríkum mæli menningu hjartans.

Þjóðin syrgir af einlægum hug hin mikilhæfu forsætisráðherrahjón og ungan dótturson þeirra. Hún kveður áhrifaríkan leiðtoga sinn og finnur vel hve mikill sjónarsviptir er að fráfalli hans.

Tíminn vottar börnum forsætisráðherrahjónanna og öðrum aðstandendum þeirra og hins unga drengs, innilega samúð.

C. L. SULZBERGER:

## Ríkisstjórn Sovétríkjanna fylgir ekki ný-stalínisma

Einræði Stalíns og harðstjórn er enn fordæmd, en þó hefur verið komið fyrir brjóstmynd af honum á leiði hans og kostir hans sem styrjaldarleiðtoga eru viðurkenndir.

Í BORGINNI Gori í Georgíu búa 45 þúsund manns. Hún er eina borgin í Sovétríkjum, sem getur stáð af Stalínstræti, en það liggar framhjá Stalínsafni og til Stalíntorgs, sem stórt bronz-likneski af Stalin setur svip sinn á.

Ástæða þessarar sérstöðu Gori er augljós, þar sem hún er fæðingarborg Stalíns. Í augum ibúanna er hann enn sá sonur borgarinnar, sem náið hefur mestum frama og tökst að verða zar yfir öllu Rússu veldi.

GORI stendur í breiðum dal hátt til fjalla, milli gnæfandi tinda í fjarska. Eðlilegt væri að hugsa sér að betta um hverfi mótaði opinskárr og glaðlyndari menn en Stalín, sem gjarna síðhafði pukur og var ákaflega tortryggjan. Segja má raunar að mynd af honum sem káum kórdreng í kristilega kennaraskólanum gefi betta í skyn. Hitt fer þó ekki milli mála, að lífið tók snemma að gæða hann hörku.

Marmarágarður umlykjur litla húsið, þar sem Stalín fæddist. Í því er aðeins eitt herbergi, sem bláfatækir foreldrar Stalíns höfðu á leigu og bar dvaldi hann hjá þeim í æsku. Stalínsafnið er nú þur til húsa, en mikil af safngripunum minnir á ævintýralagan feril hans og samsærin, sem hann tók þátt í. Hann gerðist kennari í Tbilisi og vann jafnframt við stjórnurnar bar, en fór snemma að breiða út kenningar marxismans í laumi.

NOKKRAR tylftir mynda eru á safninu, þar á meðal fáeinarr myndir af fjölskyldu Stalíns, en engin af Svetlónu dött ur hans, sem nú er búsett í Bandaríkjum. Þó eru barna afrit af nokkrum ástúðlegum bréfum hans til þessarar dottir sinnar.

Gori hefur að mestu sloppið við aflejðingarnar af áformum Krustjeffs um að eyða áhrifum Stalíns. Segja má bó að safnið bendi til bess hlutverks, sem Stalín er ætlað í sögunni framvegis, — ekki annað eða meira en að vera einn af fremstu starfsmönnum Lenins, sem gerðist mikill þjóðarleiðtogi í heimsstyrjöldinni síðari.

Við þepir upp í safnið stendur stóri styttu af Stalín og á hana er letrað: „Ég er ekki aðnað en lærisveinn Lenins og markmiði mit er að verða verður úgur lærisveinn hans.“ Þarna getur að líta vitnisbuði margra sovétríkra marskálka ásamt myndum frá viðreðslufundum hinna „briggja stóru“ á styrjaldarárunum. Ensin borg ber þó framar nafn Stalíns, enda þótt smærri spámann njóti þess hejðurs.

STALÍN hefur verið varpað út úr Valhöll, en hann er ekki framar það ómenni, sem



Brjóstmynd af Stalin, sem komið var fyrir á gróf hans og afhjúpus án hátiðahalda 25. júní s. l.

Krustjeff vildi gera úr honum. Lik hans var flutt úr grafhýsi Lenins árið 1961 og hvillu nú að baki bess. Þar eru áttu leiði í röð og hafa brjóstmyndir ír úr bronzi af hinum látnu verið á þeim öllum nema leiði Stalíns og Voroshilovs, sem lézt í fyrra. En nú hefur verið steyppt mynd af Stalín og komið fyrir á gróf hans.

Gerð hefur verið ný kvík-mynd um Stalín og bar kemur hann fram sem kurtels, lágmæltur, vitur en strangur styrjaldarleiðtogi. Reynt er að leggja rákt við minningu um hann einmitt í þessu hlutverki. Annars er einræði hans og grimmd enn fordæmt og þess gerast jafnelv daemi, að reist séu minnismerki um suma forustumenn, sem urðu hreinsunum hans að bráð. Leonid Brezhnev hélt maraþonræður á fimmtíu ára afmæli byltingarinnar og hundrað ára afmæli Lenins, en honum tókst þó að sneiða hjá því að nefna nafn Stalíns í þessum löngu ræðum.

PESS verður að visu vart, að tekið sé harðar á efasmendum menntamanna en áður var, en ekkert gefur þó til kynna að i ráði sé að endurvekja Stalínstímann. Efalitid eru nokkur hundruð stjórnálamaðanna meira eða miðuna óánægdir og hægri sinnaðir andstæðingar stjórnarinnar eins og áhangendur V.M. Molotovs sita óáreittir í embættum eða njóta rýmilegra eftirlauna.

Segja má að stjórn landsins aðhyllist hægfara íhaldsstefnu (á kommunistarísu) en geti þó ekki talist bein afturhaldsstjórn. Fátt er um gerræðislegar handtökur og pólitískar leynilögreglan ber ekki framar að dyrum hjá þegunum á

næturþeli. Afturhvarfið frá Krustjeftímanum er fremur hægfara. Nokkurar óánægju gætir meðal menntamanna og tölubert er gefið út af leynitírum. Þetta gæti ekki gerzt ef ný-stalínismi væri ríkjandi. Harðvitugur einræðisherra léti gagna milli bols og höfuðuðs á þessum hreyfingum að einni nótlu

BREZHNEV sem er enginn sérstakur atkvæðamaður, kemur fram sem eins konar nefnd arforamaður í æðsta ráðinu og fjarri fer að hann sé alveg einn um forustuna. Allar meiri háttar ákvæðanir virðast vera staðfestar af meirihluta forustumannanna. Þegar ákvörðun hefur verið tekin, kemur það hins vegar í hlut Brezhnevs sem framkvæmdastjóra flokksins að tilkynna hana opinberlega. Sýnilega hefur verið ákvæðið að reyna að stækka hana í augum almennings með því að gera hann að aðalræðumann flokksins.

EKKI verður séð að verulega kveði að hernum sem stjórnálamafla. Allir mestu marskálkar eiga sæti í miðstið flokksins, en þess ber að gæta, að beir hefðu ekki einu sinni náið óberstatign ef hylfi flokksins hefði ekki notið við.

FLOKKURINN liður ekki að neinn sé á öðru mál en hann í heyrandi hljóði. Georgi Zhukov marskálkur framdi stjórnálasjálfsmorð þegar hann lýsti fyrir hönd hersins fylgi við Krustjeff í deilum hans við Molotov. Hann var horfinn af sjónarsviðinu eftir nokra mánuði.

Brezhnev og fylgismenn hans eru að reyna að koma að nýju eðlilegri framvíndu. Framhald á bls 15.